

Fundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal,
haldinn 3. október 2023, kl. 11.30 á Teams.

Mætt voru: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

Eftirfarandi mál voru rædd:

Deiliskipulagsgerð

Farið yfir samskipti úr tölvupóstum liðinnar viku varðandi fyrirhugaða deiliskipulagsgerð. Fram er komið að ekki er skráð formlega lóð undir Þjóðveldisbænum. Það flækir og lengir það deiliskipulagsferli sem ráðast þarf í vegna nauðsynlegra innviða og uppbyggingar á svæðinu þar sem stofna þarf lóð eftir að deiliskipulag hefur verið unnið. BHÁ fór yfir ferlið.

BHÁ upplýsti einnig um fyrirhugaðar viðræður sveitarfélagsins við Umhverfisstofnun varðandi uppbyggingu í Þjórsárdal, þ.m.t. innan þjóðlendna, en svæðið í kringum Þjóðveldisbæinn er hluti af því samtali.

Komið hefur fram að forsætisráðuneytið fer með málefni þjóðlendna, en Þjóðveldisbærinn er innan þjóðlendunnar Búrfells- og Skeljafellslands (L223324).

VJ upplýsti um samskipti við forsætisráðuneyti vegna málsins. Stjórnarmenn sammála um að mikilvægt sé að fyrir hendi sé sameiginlegur skilningur á málinu öllu sem og sammála um mikilvægi þess að eiga í góðu samtali við forsætisráðuneytið um málið svo ferlið allt, m.a. umsagnarferlið, gangi greiðlega fyrir sig. Fyrirhugaður er fundur með starfsfólki forsætisráðuneytis 24. október nk. VJ mun áframsenda fundarboðið til stjórnarmanna.

Stjórnarmenn sammála um að hefja vinnu við nauðsynlegt deiliskipulagsferli. BHÁ mun leggja málið fyrir næsta fund sveitarstjórnar sem fyrirhugaður er 17./18. október nk. og vísa því áfram til umhverfis- og tæknisviðs sveitarfélagsins.

BHÁ aflaði verðtilboðs frá Sigurði Unnari Sigurðssyni, verkfræðingi, til að vinna deiliskipulag. Kostnaður er áætlaður kr. 520.000 auk nauðsynlegra gjalda til sveitarfélagsins. Stjórn sammála um að fá Sigurð Unnar Sigurðsson til verksins. BHÁ falið að ganga til samning við hann á grundvelli tilboðsins um deiliskipulagsgerðina, sbr. tölvupóst frá 9. október 2023.

Samstarf við rekstraraðila

GF upplýsti um samskipti við rekstraraðila, m.a. vegna umsóknar í uppbyggingarsjóð ferðamanna. Stutt er í að umsóknarfresturinn líði. Rekstraraðilar fengu nánari leiðbeiningar um umsókn í sjóðinn og vinna að því að móta umsókn um afmarkað verkefni. Stjórnin sammála um að styðja við umsóknina eftir því sem þörf krefur.

Rætt um að vegna aukins flækjustigs á deiliskipulagsferlinu seinkar því að hægt sé að hefja framkvæmdir á svæðinu og að líklegt sé að næsta sumar þurfi rekstraraðilar aftur að vera með

stöðuleyfi fyrir bráðabirgðahúsnæði á staðnum. GF hefur rætt þessa stöðu við rekstraraðilann og þau meðvituð um hana.

Rætt um möguleika þess að rekstraraðilar fái tímabundið stöðuleyfi fyrir hús sem verður varanlegt eftir að deiliskipulag hefur verið staðfest. Rætt um mikilvægi þess að það hús sé í samræmi við það deiliskipulag sem verður gert. GF og BHÁ munu upplýsa rekstraraðila um þann ramma sem deiliskipulagið mun byggja á og hefur áhrif á húsagerð á staðnum.

Stjórnin einhuga um að vinna áfram að uppbyggingu nauðsynlegra innviða á staðnum, m.a. til að bæta rekstrarskilyrði, og í góðu samstarfi við rekstraraðila.

Ýmis önnur mál

GF upplýsti að hann hefði fengið tilboð í nýja rotþró upp á ríflega 4 m.kr.

GF upplýsti að varmadæla á staðnum væri ónýt og að endurnýja þyrfti hana.

GF upplýsti að fjárhagsstaða Þjóðveldisbæjarins ætti ca. 23 m.kr. í haldbært fé (eftir að framlag Landsvirkjunar hefur borist). Stjórnarmenn einhuga að sýna ráðdeild varðandi nauðsynlegt viðhald og rekstur.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:55.